

Skýrslur um umhverfismat FSÍ: IV

Menningarminjar við fyrirhugað vegastæði um Vatnshamraleið

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Howell Roberts

Fornleifastofnun Íslands

FS-040-97091

Reykjavík 1997

Efni:

Viðauki : Kort með menningarminjum á fyrirhuguðu vegastæði

1. kafli. Inngangur

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við það að leggja veg fram hjá bæjunum Ausu, Vatnshömrum, Kvígsstöðum, Heggstöðum og Hesti í Andakílshreppi í Borgarfirði. Fór Vegagerðin þess á leit við þjóðminjavörð að gert yrði fornleifamat í tilefni þessa.¹ Óskaði þjóðminjavörður eftir að þetta verk yrði unnið af Fornleifastofnun Íslands.² Samkvæmt óskum Vegagerðar þurfti umsögn þjóðminjavarðar um matið að liggja fyrir í upphafi októbermánaðar 1997 og var því verkið unnið í september. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á hinu nýja vegastæði. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við bændurna á svæðinu. Gengið var eftir fyrirhuguðu vegarstæði og nágrenni þess kannað. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,³ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu,

1 Sbr. bréf Vegagerðarinnar dags. 23. júní 1997 til þjóðminjavarðar, "Fornleifamat vegna fyrirhugaðra vegafarmkvæmda á Vesturlandi", lið 1.

2 Sbr. bréf þjóðminjavarðar til FSÍ, dags. 7. júlí 1997.

3 Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrslur um umhverfismat FSÍ II: Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessvegur um Mávahlíðarrif*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - *Skýrslur um umhverfismat FSÍ III: Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Ólafsvíkurvegur og Útnessvegur sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda. Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Howell Roberts önnuðust undirbúning og vettvangsvinnu, en Elín ásamt Adolf Friðrikssyni sáu um úrvinnslu og skýrslugerð. Vilja höfundar þakka heimildamönnum og ábúendum á Ausu fyrir veittar upplýsingar og starfsmönnum Vegagerðarinnar í Borgarnesi fyrir margvíslega liðveislu.

2. Kafli. Um umhverfismat vegna fornminjagæslu

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta...". Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari nýju löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. Þjóðminjalaga segir m.a. : “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum”.

3. Kafli. Fyrri athuganir og skráning

Fram á síðustu ár var fátt vitað um fornleifar á svæðinu. Fyrsta fornleifaskráning á landinu var unnin á árunum 1817-1823, á vegum hinnar konunglegu nefndar til varðveislu fornleifa í Kaupmannahöfn. Sóknarprestar tóku saman skýrslur um minjar í hverri sókn. Séra Jón Bachmann sóknarprestur Hvanneyrar og Bæjarsókna sagði að sér væri ekki kunnugt um neina minjastaði í sínum sóknum.⁴ Hið íslenska fornleifafélag var stofnað 1879 og hóf vettvangsrannsóknir þegar árið eftir. Fóru leiðangursmenn á vegum félagsins í nokkrar rannsóknarferðir um Borgarfjörð. Árið 1907 kom Brynjúlfur Jónsson í Borgarfjörð og skoðaði meðal annars einn minjastað í landi Heggstaða. Var það svonefndur “dómhringur” og er það eini minjastaðurinn sem notið hefur athygli fræðimanna á svæðinu frá Kvígsstöðum að Ausu.⁵ Þjóðminjavörður friðlýsti þennan stað árið 1930: “Forn girðing, hringmynduð, nefnd “dómhringur”, uppi á túninu norðaustur af bænum.” Er þessi staður jafnframt sá eini sem hefur verið friðlýstur á þessu svæði, en í Andakílshreppi hafa alls fimm staðir verið friðlýstir. Árið 1989 gerði Guðmundur Ólafsson athugun á friðlýstum minjum í

4 FF, 268-269, sjá einnig 279-286.

5 BJ 1908, 18-19.

Borgarfirði og mældi m.a. upp hringinn á Heggstöðum.⁶ Árið 1990 gerðu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson rannsókn á dómhringum á Vesturlandi og tóku loftmyndir og gerðu einnig uppdrátt af Heggstaðahringnum.⁷

Árin 1995-1996 vann Orri Vésteinsson á vegum Fornleifastofnunar Íslands svæðisskráningu fornleifa í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar. Er sú skráning eingöngu byggð á heimildakönnun, en er jafnframt rækilegasta yfirlit um fornleifar á svæðinu sem völ er á.⁸ Samkvæmt þeirri skrá eru a.m.k. 66 minjastaðir á jörðunum Kvígsstöðum, Hesti, Heggstöðum, Vatnshömrum og Ausu.

Við vettvangsrannsókn 1997 bættust enn minjastaðir við á þessu svæði eins og fram kemur í næstu köflum í þessari skýrslu.

4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á svæðinu frá bænum Ausu að Hesti. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Bo-160:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir allar þekktar fornleifar á hverri jörð. Skiptist skráin í dálka þar sem fram koma: fornleifanúmer, staðarheiti, tegund fornleifa og hlutverk. Þessi skrá er ekki fullkomin, enda hefur hvorki svæðisskráning né aðalskráning fornleifa farið fram á þessu svæði. Við frekara skráningarstarf mun án efa bætast við skrána. Þó skráning fornleifa hafi ekki verið unnin, eru til allnokkrar heimildir er gefa mynd af gerð og fjölda minja á svæðinu. Mikið starf hefur verið unnið við söfnun örnefna á þessum slóðum. Til eru á Örnefnastofnun skrár yfir örnefni allra þeirra bæja sem eru á svæðinu. Auk þeirra var einkum stuðst við jarðabækur. Nýttust allar þessar heimildir mjög vel við athuginina. Heimildakönnunin leiddi í ljós að á svæðinu eru a.m.k. 72 minjastaðir. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér er birt heildarskrá yfir alla þekкта staði.

Bo-157 Kvígsstaðir, Andakílshreppi

6 GÓB, 47-48.

7 AF/OV 1992.

8 OV 1996.

<u>Fornleifanúmer</u>	<u>Heiti</u>	<u>Tegund</u>	<u>Hlutverk</u>
BO-157:001	Kvígsstaðir	bæjarhóll	bústaður
BO-157:002		heimild	útihús
BO-157:003		heimild	útihús
BO-157:004	Gálgaholt	heimild	aftökustaður
BO-157:005	Gálgaholt	heimild	mannabein
BO-157:006	í Grafardal	tóftir	sel
BO-157:007	Torfholt	heimild	rista
BO-157:008	austan við Rásarholt	tóft	stekkur
BO-157:009	Kerling	varða	
BO-157:010	hjá Kerlingu	dys	legstaður
BO-157:011		gata	leið
BO-157:012	Selhóll	örnefni	sel
BO-157:013	Stekkjarkot	heimild	bústaður
BO-157:014		heimild	mógrafir
BO-157:015		frásögn	leið

Heimildir: Ö-Kvígsstaðir (Ari Gíslason skráði), Túnakort 1920, BB 210, OV 1996.

Bo-158 Hestur, Andakílshreppi

<u>Fornleifanúmer</u>	<u>Heiti</u>	<u>Tegund</u>	<u>Hlutverk</u>
BO-158:001	Hestur	bæjarhóll	bústaður
BO-158:002		heimild	útihús
BO-158:003		heimild	útihús
BO-158:004		heimild	útihús
BO-158:005		heimild	útihús
BO-158:006		heimild	útkirkja
BO-158:007	Innri-Fornistekkur	heimild	stekkur
BO-158:008	Torfholt	heimild	
BO-158:009	Heimari-Fornistekkur	tóft	stekkur
BO-158:010	Miðmorgunsvaða	varða	eyktamark
BO-158:011	Dagmálavarda	varða	eyktamark
BO-158:012	Nónvarða	varða	eyktamark
BO-158:013	Götuás	gata	leið
BO-158:014	Mannamótsflöt	heimild	áfangastaðu
BO-158:015	Digravarda	varða	landamerki

Heimildir: Ö-Hestur (Ari Gíslason skráði, Túnakort 1920, JÁM IV 193, PP 122)

(konungsbréf), OV 1996.

Bo-159 Heggstaðir, Andakílshreppi

<u>Fornleifanúmer</u>	<u>Heiti</u>	<u>Tegund</u>	<u>Hlutverk</u>
BO-159:001	Heggstaðir	bæjarhóll	bústaður
BO-159:002		heimild	útihús
BO-159:003		heimild	útihús
BO-159:004		heimild	bústaður
BO-159:005		heimild	útihús
BO-159:006	Löggarður	tóft	
BO-159:007	Goðahús	tóft	
BO-159:008	Þingmannabekkir	örnefni	
BO-159:009	Selholt	örnefni	sel
BO-159:010	Skjólhólsgrafir	heimild	mógrafir
BO-159:011	Roðhattur	heimild	huldufólksbústaður
BO-159:012	Stallar	heimild	huldufólksbústaður
BO-159:013	Húsabarð	heimild	fjánhús
BO-159:014	Húsaklettur	heimild	útihús
BO-159:015	Húساسund	heimild	stunginn hnaus
BO-159:016	Miðmorgunshóll	varða	eyktamark
BO-159:017	Stöðuás	heimild	kvíar
BO-159:018	Gíslaholtsgrafir	heimild	mógrafir
BO-159:019	Grafarund	heimild	mógrafir
BO-159:020	Stekkjarkholt	tóft	stekkur

Heimildir: Ö-Heggstaðir (SS skráði), Túnakort 1920. BJ1908: 18-19, AF/OV:1992, GÓB 51, OV 1996.

Bo-160 Vatnshamrar, Andakílshreppi

<u>Fornleifanúmer</u>	<u>Heiti</u>	<u>Tegund</u>	<u>Hlutverk</u>
BO-160:001	Vatnshamrar	bæjarhóll	bústaður
BO-160:002		heimild	útihús
BO-160:003		heimild	útihús
BO-160:004		heimild	útihús
BO-160:005		heimild	útihús
BO-160:006	Vatnshamraborg	heimild	vígi
BO-160:007	Vatnshamraborg	heimild	huldufólksbústaður
BO-160:008	Kastali	heimild	huldufólksbústaður

BO-160:009	Stekkjarmholt	heimild	stekkur
BO-160:010	Símonarbrú	heimild	brú
BO-160:011	Vatnshamrarsbrú	heimild	brú
BO-160:012	Helluvörðuholt	varða	landamerki
BO-160:013	Strákur	varða	landamerki
BO-160:014	Vörðuholt	heimild	
BO-160:015			mógrafir.

Heimildir: Ö-Vatnshamrar (Ari Gíslason skráði), Túnakort 1920, OV 1996.

Bo-161 Ausa, Andakílshreppi

<u>Fornleifanúmer</u>	<u>Heiti</u>	<u>Tegund</u>	<u>Hlutverk</u>
BO-161:001	Ausa	bæjarhóll	bústaður
BO-161:002		heimild	útihús
BO-161:003		heimild	útihús
BO-161:004		heimild	útihús
BO-161:005		heimild	útihús
BO-161:006	Stekkjarmhóll	örnefni	stekkur
BO-161:007		frásögn	brú

Heimild: Ö-Ausa (Ari Gíslason skráði), Túnakort 1920, OV 1996.

5. Kafli. Vettvangsrannsókn 1997

Vettvangsathugun á og við nýtt vegarstaði í Andakílshreppi í Borgarfirði var unnin dagana 24. og 26. september 1997. Veglínán nær tæplega 7 km leið, vestan frá brúnni yfir Andakílsá og austur fyrir Hest. Gengið var eftir allri veglínunni og leitað sýnilegra ummerkja um fornleifar.

Veglínúmerkingar voru til staðar á öllu svæðinu og auk þess var stuðst var við uppdrætti Vegagerðar af vegastæðinu. Eru þeir í mælikvarðanum 1:5000 og sýna eldri veg og nýtt vegastæði, auk nokkurra örnefna, hæðalína, lækja, og skurða. Engin vandkvæði voru á að rekja vegastæðið á vettvangi með stuðningi þessara gagna. Veglínán er um 6,9 km á lengd og nær yfir eftirtaldar jarðir: Ausu, Vatnshamrar, Kvígsstaði, Heggstaði og Hest.

6. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á svæðinu í heild eru a.m.k. 72 staðir sem teljast fornleifar samkvæmt lögbundinni skilgreiningu þar um og eru því friðhelgir.

Fyrirhuguð vegagerð mun verða allnokkur framkvæmd og mætti því ætla að margir minjastaðir yrðu í uppnámi. Ofangreind skrá sem tekin var saman í tilefni þessara framkvæmda er sá grundvöllur sem mat á áhrifum á menningarminjar byggir á. Það er niðurstaða þessa mats að átta menningarminjar, þ.e. fornleifar sem sýnilegar eru á yfirborði eða koma fram í heimildum, sé að finna í sjálfu vegastæðinu eða næsta nágrenni þess. Vegarstæðið liggur yfir svæði þar sem gamlar hnausabryr (Bo-161:007) voru áður, þ.e. á mótis 9350-9400 á uppdrætti Vegagerðar. Í gegnum einar mógrafir (Bo-160:015 eru nálægt 10650 á korti Vegagerðarinnar) og í 30-40 m fjarlægð frá öðrum (Bo-157:014 við 12100 á kortinu). Vegurinn kemur til með að liggja þvert á gamlar götur (Bo-157:015 nálægt 13100 á skv. merkingum Vegagerðarinnar) og einnig yfir mel sem ber nafn sitt af götum sem þar lágu, þó að þær sjáist ekki í dag (þ.e. Móvegsholt eða Bo-157:011 á mótis við 12400 á korti Vegagerðarinnar). Fyrirhuguð vegastæði liggur yfir Vörðuholt en varðan sem þar stóð áður er nú hrúin (Bo-160:014 er á svipuðum stað og merkingar vegagerðarinnar sýna 10600-700) Það liggur einnig í um 15 m fjarlægð frá Strák sem er landmerkjavarða (Bo-160:013) sem er á mótis við merkingar Vegagerðarinnar milli 12000. Síðast en ekki síst kemur þessi nýji vegur til með að liggja í milli 20-30 m fjarlægð frá Stekkjarholti. Þar eru greinilegar leifar stekks sem að hluta er náttúrumyndaður og að hluta mannaverk. Stekkurinn sem hefur merkinguna Bo-160:009 er til mótis við 10400-500 á kort Vegagerðarinnar. Verið getur að enn fleiri fornleifar komi í ljós þegar framkvæmdir hefjast, þó vettvangsrannsókn og heimildakönnun sýni þær ekki í vegastæðinu.

7. Kafli. Minjar í fyrirhuguðu vegastæði

Þekktar menningarminjar sem næstar eru vegarstæðinu eru þessar:

BO-157:011 gata leið 64°34.196 21°40.684 sk. 25

"Á Klifinu liggur svo gata suður yfir Móvegsholt." Nýji vegurinn kemur til með að liggja yfir Móvegsholt, en ekki er hægt að greina götu þar lengur en þar sem vegurinn á að liggja yfir holtið er hætta töluverð vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Þarna skiptist á mjög vott og þýft mýrlendi og grýttur melur. Á þessu svæði er töluvert um litla vatnspolla.

-BO-157:014 mógrafir 64°33.891 21°41.450 Sk. 28

Um 30-40 m suðaustur af vörðunni Strák (160:013). Um það bil 30 m sunnan við fyrirhugaðan veg. Er í landi Kvígsstaða en nálægt landamerkjum og frá mógröfunum sést í norðvestri bærinn Vatnshamrar. Mógrafirnar eru á mjög blautu og þýfðu mýrarsvæði. 100 x 400 m að utanmáli. Mógrafirnar sjást greinilega og þær eru mjög reglulegar.

-BO-157:015 gata leið 63°34.299 21°39.302 Sk. 22

Fyrir sunnan áveituskurð og um 40 m austan við kletta. Gatan er um 200 m löng og að meðaltali um 1,2 m á breidd. Þarna er grunnur slóði í dag, en hann sést ekki til norðurs.

Mikil hætta er vegna fyrirhugaðra framkvæmda þar sem nýji vegurinn kemur til með að liggja þvert yfir gömlu götuna.

-BO-160:009 Stekkjarholt stekkur 64°33.633 21°42.846 Sk. 23

"Vestur af Vatnshamraborg og suðvestur af Klifinu var holt, sem heitir Stekkjarholt. Austan í þessu holti er Stekkurinn." Er tæpum 30 m sunnan við veginn og um 400 m sunnan við Vatnshamrarsvatn. Stendur hærra en gamli vegurinn en á þessum stað mun nýji vegurinn koma saman við þann gamla og þeir liggja samsíða um nokkurt skeið. Er í miðri hæð og er norðurhluti stekksins myndaður úr klettabelti í hæðinni. Fyrir norðan stekkin er þýft að veginum, sunnan hann er klettabelti en þar fyrir ofan er melur. 13 x 6 m og 0,2 m á hæð. Suðurveggurinn er alveg myndaður af klettabelti sem er í miðjunni 3,5 m á hæð en 1,5 til endanna. Klettabeltið er um 15 m langt. Inngangur inn í stekkin er að austan en norðurhlið hans er alveg hlaðin, um 0,2 m á hæð. Stekkurinn er um 13 m á lengd og 6 m á breidd. Hann skiptist í tvö greinileg hólf og veggstúfur virðist hafa verið á þriðja staðnum. Þessi veggstúfur afmarkar um 4 m langt hólf austast í tóftinni. Vestan við það tekur við 5 m langt hólf sem afmarkast af greinilegum, hlöðunum vegg. Það hólf sem er lengst til vestur er svo um 3 m á lengd.

-BO-160:013 Strákurvarða landamerki 64°33.879 21°41.594 Sk. 27

"Vestur af Klifinu liggja holt samsíða Rásarholti; þau eru nafnlaus...En varða er á merkjum Fossa, Vatnshamra og Kvígsstaða, sem heitir Strákur." Nýji vegurinn virðist, samkvæmt stikamerkingum vegagerðarinnar, eiga að liggja rétt upp við vörðuna. Stikurnar eru í dag um 15 m norðan við vörðuna. Allt í kringum hæðina sem varðan er á er mýrlendi nema beint fyrir austan en þar er melur. Varðan er 1,2 X 0,8 m í þvermál og um 2 m á hæð.

Stendur á klettahæð, lágri og ávalri. Hæðin er um 3 X 4 m. Varðan sjálf er ferhyrnd og 1,20 X 0,80 m og um 2 m á hæð. Að sögn Heimildamanns er varðan mjög gömul en henni er greinilega vel viðhaldið.

-BO-160:014 Vörðuholt örnefni 64°33.705 21°42.658 Sk.
24

Liggur upp við gamla veginn og nýji vegurinn mun liggja yfir holtið. Er um 200-250 m suðvestan við Vatnshamrar og einnig um 400 m sunnan við Vatnshamrarsvatns. Mjög grýtt og lítt gróið holt. Það sést ekki til vörðunnar í dag en samkvæmt heimildamanni er töluvert síðan hún hrundi. Í dag er ekki hægt að sjá nákvæmlega hvar varðan hefur verið á holtinu en vegurinn virðist eiga að liggja yfir holtið.

-BO-160:015 mógrafir 64°33.713 21°42.23 Sk.
33

Grafirnar eru um 200 m sunnan við gamla veginn. Þarna er mjög þýft og rakt mýrarsvæði en í kring er talsvert um klettaborgir. Mógröfin er mjög regluleg og er u.þ.b. 60 X 50 m í ummál. Mógrafirnar eru í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Nýji vegurinn virðist eiga að liggja þvert í gegnum mógrafirnar, frá norðvesturhorni grafanna á ská yfir í suðausturhorn þeirra.

-BO-161:007 frásögn um brú 64°33.383 21°43.868 Sk.
32

Um 50 m norðaustur af veginum. Þarna liggja áveituskurðir. Er u.þ.b. 250 m aust-norð-austur af vatnsveitumannvirkjum. Þarna er þýft votlendi. Þarna sést ekkert í dag. Brýrnar voru s.k. hnausabryr og ekki sterkleg mannvirki, voru fremur líkari upphleyptum vegaslóðum yfir Illukeldu sem þarna er. Þegar heimildamaður man fyrst eftir sér var önnur "brúin" þegar orðin hrörleg og þegar vatnsveituf framkvæmdir áttu sér stað þarna þá eyðilögðust brýrnar alveg. Það virðist ljóst að í námunda við fyrirhugaðan veg og í vegastæðinu sjálfu eru ýmsar minjar.

8. Kafla. Tillaga um aðgerðir

Að heimildakönnun lokinni og rannsókn á vettvangi hefur komið í ljós að nokkrar fornleifar lenda í eða nærri fyrirhuguðu vegarstæði. Þessar minjar eru mógrafir, brýr, götur, vörður og einn stekkur. Ekki eru fordæmi fyrir því að minjar í þessum flokkum hafi verið verndaðar sérstaklega, hinsvegar eru þær hluti af minjaheild svæðisins og heimildir um samgöngur og landbúnað í héraðinu fyrr á tímum. Til að þessar heimildir glattist ekki að öllu

leyti, er hér lagt til að Vegagerðin fari þess á leit við þjóðminjavörð að þessar minjar verði látnar víkja fyrir nýframkvæmdunum að undangenginni rannsókn fornleifafræðinga.

Rannsóknin skal ná til eftirfarandi þátta:

- 1) Uppmæling á götum yfir Móvegsholt (Bo-157:011) og sunnan áveituskurðar (Bo-157:015) í landi Kvígsstaða.
- 2) Uppmæling á mógröfum (Bo-157:014) í landi Kvígsstaða og Vatnshamra (Bo-160:015).
- 3) Uppmæling og könnunargröftur með þverskurði í hnausabryr (Bo-161:007) í landi Ausu.
- 4) Uppmæling á stekk (Bo-160:009) í landi Vatnshamra.
- 5) Uppmæling á vörðum (Bo-160:013-014) í landi Vatnshamra.

Þessar athuganir geta talist viðunandi aðgerðir með hliðsjón af fornleifaverndarsjónarmiðum. Í námunda við fyrirhugaða vegi eru margvíslegar minjar en utan væntanlegs athafnasvæðis vegagerðarinnar. Við undirbúning framkvæmdanna skal gæta að því að umferð vinnuvéla sé haldið frá nálægum minjastöðum.

9. Kafli. Niðurlag

Hér í skýrslulok er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi, engin viðurkennd aðferðafræði liggur fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að veglína hafi verið valin á þann hátt að engin hætta sé á að minjar finnist þar síðar. Þó miðar í þá átt að unnt verði að gera markvissa fornleifaleit í þágu framkvæmda á borð við vegagerð. Æskilegt væri að Vegagerð og Fornleifastofnun hefði samstarf um þróun slíkra aðferða.

Fornleifaskráning hefur óvída farið fram, en í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar hefur verið unnin svæðisskráning, þ.e. heimildakönnun, og hefur umhverfismat á áhrifum vegaframkvæmda í Andakílshreppi á umræddu svæði þá rannsóknarvinnu að byggja á. Aðalskráning fornleifa hefur enn ekki verið gerð á svæðinu, en sú vettvangskönnun sem gerð var nú má telja fullnægjandi sem undirbúningur að fyrirhugaðri vegagerð. Núverandi staða fornleifaskráningar kemur vitaskuld ekki í veg fyrir að í framkvæmdir verði ráðist, enda fornleifaskráning ekki lögbundin forsenda umhverfismatsins. Er þess að vænta í náinni framtíð að ráðist verði í aðalskráningu fornleifa í Andakílshreppi og þá kunna fleiri minjar að

bætast á þá skrá sem hér er birt.

Við vettvangsrannsókn kom fram að nokkrir minjastaðir lenda í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er lögð fram tillaga að því hvernig bregðast skuli við. Er það ný og merk reynsla fyrir fornleifafræðinga að takast á við þann vanda að leggja til hvort og þá hvernig minjum skuli fórnað í þágu framkvæmda. Ofangreindar tillögur eru viðleitni til þess að fylgja ströngum minjaverndarsjónarmiðum í anda þjóðminjalaga, en jafnframt á þann hátt að tilhögun og framvinda verksins verði viðunandi fyrir framkvæmdaaðila sem og fornleifavörslu.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Örnefnastofnun:

Ö-Ausa (Ari Gíslason skráði).

Ö-Heggstaðir (SS skráði).

Ö-Hestur (Ari Gíslason skráði).

Ö-Kvígsstaðir (Ari Gíslason skráði).

Ö-Vatnshamrar (Ari Gíslason skráði).

Prentaðar heimildir:

AF/OV 1992: Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1992) “Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar”, *Saga*, XXX, pp. 7-79.

BJ 1908: Brynjúlfur Jónsson (1908) “Rannsóknir fornleifa sumarið 1907”, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, pp. 9-31.

BB: Byggðir Borgarfjarðar II. Borgarfjarðarsýsla og Akranes (1989), án útgst.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823*. Sveinbjörn Rafnsson sá um útg., Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar, 1983.

Guðmundur Ólafsson (1991) Fridlysta fornlægningar í Borgarfjörðurs hárad, Island. *Institut för arkeologi*. Uppsala.

GÓB: Guðmundur Ólafsson (1996) *Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu*, (Rit Hins

Íslenska fornleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands, II), Reykjavík.

JÁM: Árni Magnússon og Páll Vídalín (1913)*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, I-XI), Kaupmannahöfn.

OV 1996: Orri Vésteinsson (1996)*Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar. Svæðisskráning*, Fornleifastofnun Íslands, FS016-95033, Reykjavík.